

## Úthlutunarreglur styrkja vegna aksturs í dreifnám í Húnaþingi vestra

1. gr.

*Gildissvið*

Úthlutunarreglur þessar gilda um styrki vegna þeirra sem sækja dreifnám á Hvammstanga og eiga lögheimili á svæði póstnúmera 500 og 531 í Húnaþingi vestra. Þeir sem stunda dreifnám í Húnaþingi vestra fá ekki akstursstyrk greiddan frá LÍN. Nemendur sem fá greiddan dvalarstyrk frá LÍN falla ekki undir þessar reglur.

2.gr.

*Markmið*

Markmið með reglum þessum er að stuðla að jöfnun aðstöðumunar þeirra sem stunda dreifnám á Hvammstanga og þurfa um lengri veg að fara til skóla.

3.gr.

*Útreikningur*

Til að eiga rétt á styrknum þarf einstaklingur að vera skráður í og taka próf í að lágmarki 12 einingum á önn. Akstursvegalengdin miðast við vegalengd frá heimili að skóla, eina ferð á hvern skóladag samkvæmt útgefnu skóladagatali. Greiddar eru 48 k.r á km. Hámarksgreiðsla á önn er kr.120.000.

4. gr.

*Tilhögun greiðslna.*

Árið skiptist í tvær annir þ.e. janúar-júní og ágúst-desember. Styrkurinn er greiddur út þegar skilað hefur verið inn til skrifstofu sveitarfélagsins staðfestingu frá skóla um að nemandi uppfylli skilyrði skv. 3 gr. þessara reglna. Sækja þarf um styrkinn innan mánaðar frá lokum annar.

5. gr.

*Gildistaka*

Reglur þessar taka gildi 1. ágúst 2012

Samþykkt á fundi byggðarráðs þann 12. mars 2012